

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar

I. KAFLI

Gildissvið

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

II. KAFLI

Hafnargjöld

2. gr.

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs, ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

4. gr.

Lestargjöld

Af öllum skipum skal greiða lestargjald 19,72 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. Undanþegin eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

5. gr.

Bryggju- og viðlegugjöld

Bryggjugjöld

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 9,86 kr. á mælieiningu fyrir skip að 15.000 brt, 12,40 kr. fyrir skip 15.000 til 30.000 brt. og 17,36 kr. fyrir skip 30.000 brt. og stærri fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald sem mánaðargjald. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Viðlegugjöld

Bátar undir 15 brt.	10.141 kr. á mánuði
Bátar milli 15-30 brt.	15.534 kr. á mánuði
Bátar yfir 30 brt.	22.449 kr. á mánuði
Bátar undir 15 brt. fast legupláss	12.877 kr. á mánuði
Bátar milli 15-30 brt. fast legupláss	20.039 kr. á mánuði
Bátar yfir 30 brt. fast legupláss	29.421 kr. á mánuði
Daggjald bátar undir 15 brt.	2.714 kr. á dag

Daggjald bátar milli 15-30 brt.	2.775 kr. á dag
Daggjald bátar yfir 30 brt.	2.862 kr. á dag
Skip yfir 80 brt.	200 kr. á brt. á mánuði
Uppsátursgjald	3.225 kr. á mánuði
Daggjald eldiskvíá við bryggju eftir 2 daga	3.225 kr. á dag

Skip, sem ekki eru í rekstri né leggja upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag og njóta ekki afsláttakjara í formi mánaðargjalda. Skip ekki í rekstri telst það skip sem legið hefur lengur en einn mánuð í höfn eða leggur ekki upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar. Bátar sem teknir eru upp á hafnarkant vegna viðgerða greiða daggjald fyrir þá daga sem báturinn er uppi.

6. gr.

Vörugjöld

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. flokkur 444 kr. á tonn
Bensín, brennsluólfur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. flokkur 730 kr. á tonn
Lýsi og fiskimjöl.
3. flokkur 815 kr. á tonn
a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjavörur og ávextir.
Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
c) Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
d) Af vörum sem er landað og lestað með strandsiglingum greiðist aðeins helmingur vörugjalda í hverjum verðflokki.
4. flokkur 2.056 kr. á tonn
Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.
5. flokkur
a) 1,58% af aflaverðmæti. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
b) 0,79% af aflaverðmæti. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af heildarverðmætis aflans skv. breytingum á d.-lið 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd. Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði ef söluuppgjör berst ekki til hafnarinnar.
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu Íslands. Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu skiptaverðs.
Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hámarksgjald samkvæmt 4. flokki
Lágmarksgjald í öllum flokkum

7.738 kr. fyrir hvert tonn.
837 kr.

7. gr.

Farþegagjöld

Fyrir hvern farþega með farþegabátum og skemmtiferðaskipum 217 kr.

Farþegagjald skal greiða af hverjum farþega ferðapjónustubáta og skemmtiferðaskipa. Gjaldið er kr. 217. Skipstjóri, umboðsmaður eða eigandi farþegaskips skal afhenda hafnaryfirvöldum upplýsingar um farþegafjölda til innheimtu gjaldsins. Skipstjórar, umboðsmenn eða eigendur þeirra báta sem stunda reglubundna farþegaflutninga skulu skila upplýsingum um farþegafjölda hverrar ferðar mánaðarlega og skal upplýsingum skilað eigi síðar en 3. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð. Skili ofangreindir aðilar ekki upplýsingum um farþegafjölda er heimilt að áætla fjölda farþega fyrir viðkomandi tímabil eða leggja á 25% álag ef skil á farþegatölum dragast umfram 20 daga.

8. gr.

Siglingavernd (ISPS)

Öryggisgjald fyrir skip sem falla undir skilgreiningu hafnverndar 57.719 kr. á komu

Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í dagvinnu 6.709 kr./klst.

Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í yfirvinnu 10.933 kr./klst.

Farþegavernd, pr. farþega 292 kr. á komu

9. gr.

Skemmtiferðaskip

Hafnir Ísafjarðarbæjar taka við bókunum þrjú ár fram í tímann, frá áramótum að telja.

Við afbókun á komu skemmtiferðaskipa gildir eftirfarandi:

- Við afbókun innan við 18 mánuðum fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 5% af bryggjugjöldum.
- Við afbókun innan við 12 mánuðum fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 15% af bryggjugjöldum.
- Við afbókun innan við 6 mánuðum fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 30% af bryggjugjöldum.
- Við afbókun innan við 48 klst. fyrir áætlaðan komutíma leggst á afbókunargjald sem er 100% af bryggjugjöldum.

Undanþegin er afbókun innan við 48 klst. fyrir áætlaðan komutíma vegna slæmra veðurskilyrða.

Afbókunargjald leggst ekki á breytingar á dagsetningum og/eða skipum svo framarlega sem unnt er að verða við slíkri beiðni.

III. KAFLI

Þjónustugjaldskrá

10. gr.

Rafmagn

Rafmagnssala 19,88 kr. á kWst.

Rafmagnstenglagjald fyrir flotbryggjur og trébryggjur 10-20 A 3.180 kr./stk.

Rafmagnstengigjald 32-63 A 6.360 kr./stk.

Rafmagnstenglagjald fyrir hafskipakant 125 A	11.786 kr./stk.
Rafmagnstenglagjald fyrir hafskipakant 250 A	23.320 kr./stk.
Rafmagn afgreitt utan reglubundins vinnutíma	41.040 kr./útkall

Bátar sem eru á föstu mánaðargjaldi skulu að lágmarki greiða 1 tengigjald í mánuði.

11. gr.

Hafnsaga

Hafnsögugjald	7,84 kr./brt.
Hafnsögugjald til og frá höfn	10.562 kr.
Fyrir hverja byrjaða klst. á innri höfn	28.461 kr./klst.
Fyrir eina ferð með hafnsögumann	59.326 kr.
Fyrir hverja byrjaða klst. utan innri hafnar	59.326 kr./klst.
Tímagjald hafnarstarfsmanns á lóðsbát mann	10.260 kr./klst. á
Útkall utan tiltekins daglegs vinnutíma á lóðsbát	41.040 kr./útkall
Fyrir björgun, slef eða aðstoð við skip og báta	skv. samkomulagi SFS/tryggingafélaga

Hafnsögugjöld skulu greidd fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi 5.281 kr. fyrir hvert skip, auk 7,84 kr. á mælieiningu (mestu brúttóstærð). Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálfhúð hafnsögugjald.

Lágmarksgjald vegna hafnsögu skal þó aldrei vera lægra en 84.270 kr.

Skipum yfir 15.000 brt, olíuskipum og skipum með hættulegan farm er skylt að hafa dráttarbát til aðstoðar eða öryggis.

12. gr.

Leigugjöld

Leiga á gá mavöllum svæði A, mánaðargjald	107 kr. hver m ²
Leiga á gá mavöllum aðstaða við rafmagnsbrunna, mánaðargjald	242 kr. hver m ²
Hafnarbakkaleiga, daggjald	388 kr./tonn eða m ³
Stöðuleyfi vinnuskúra á hafnarsvæði, mánaðargjald	1.836 kr./m ²
Leiga á lyftara með manni	14.098 kr. á klst.
Leiga á flotgirðingu	12.404 kr. á klst.
Landgangur, uppsetning og frágangur	265.000 kr. pr. skipti
Leiga á landgangi yfir 14 metra, daggjald	113.420 kr.

Einungis er heimilt að hafa gáma sem eru í beinum tengslum við fermingu eða affermingu úr skipum. Gáma og annan varning skal fjarlægja við fyrsta tækifæri þegar vinnu við skip er lokið en ef því verður ekki við komið skal óskað leyfis hjá höfninni.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Einnig er óheimilt að setja eða geyma alls konar varning sem ekki er að koma eða fara í skip á svæði hafnarinnar.

Hafnarstjóra er heimilt að láta fjarlægja varning þann sem settur er á hafnarsvæði á kostnað eiganda sé kröfu um hreinsun ekki sinnt.

13. gr.

Vatnsgjald

Vatn fyrir báta undir 15 brt.	1.910 kr. á mánuði
Vatn fyrir báta 15-30 brt.	3.820 kr. á mánuði
Kalt vatn afgreitt til skipa yfir 30 brt, lágmarksmagn 15 tonn	427 kr./m ³
Vatn afgreitt utan reglubundins vinnutíma	41.040 kr./útkall
Gjald fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma	10.260 kr./útkall

14. gr.

Móttaka skipa

Festargjald fyrir hvern starfsmann í dagvinnu	13.807 kr.
Festargjald fyrir hvern starfsmann í yfirvinnu	20.950 kr.

Greiða skal festargjald bæði við komu og brottför skipa. Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k. einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

15. gr.

Gjöld fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs

Móttaka á sorpi ein ferð í sorpmóttökustöð	12.247 kr.
--	------------

Einnig skal greiða fyrir innvegið magn af sorpi skv. gjaldskrá sorpmóttakanda.

a. Úrgangsgjald: Við komu skips til hafnar skal greiða 0,85 kr./brt. gjald sem skal standa undir kostnaði vegna eftirlitsumsýslu vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald 6.910 kr. og hámarksgjald 58.540 kr.

b. Úrgangsgjald: Gjald sem er lagt á vegna a-liðar má lækka ef skipstjóri getur sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð í skipinu fast gjald 0,42 kr. á brt. en þá er lágmarksgjald 6.910 kr. og hámarksgjald 58.540 kr.

c. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á árinu greiða skv. b-lið fyrir fimmtu komu og allar komur eftir það.

d. Skip og bátar undir 15 brt. sem hafa varanlega viðveru í höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fast mánaðargjald vegna umsýslu og eftirlits hafnar vegna móttöku á sorpi. Gjaldið skal vera 2.225 kr. á mánuði.

Skip og bátar yfir 15 brt. sem hafa varanlega viðveru í höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fast mánaðargjald vegna umsýslu og eftirlits hafnar vegna móttöku á sorpi. Gjaldið skal vera 7.416 kr. á mánuði.

e. Förgunargjald: Við komu skips til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. gr. laga nr. 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir kostnaði við förgun úrgangs sem skilað er í land.

Farþegaskip yfir 60 m að lengd skulu greiða 3,18 kr. á hvert brt. skipsins og miðast gjaldið við eftirfarandi sorpmagn:

Farþegaskip undir 30.000 brt.	5 m ³
Farþegaskip frá 30.000 brt.	10 m ³
Farþegaskip yfir 100.000 brt.	15 m ³

Öll önnur skip skulu greiða 3,18 kr. á brt, og þá miðast gjaldið við 5 m³ af sorpi.

f. Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald samkvæmt e.-lið endurgreitt enda skili það kvittun móttökuaðilans ásamt upplýsingum um losun magns. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist á skrifstofu hafna Ísafjarðarbæjar innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.

g. Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum sem hafa reglulega viðkomu í höfnum Ísafjarðarbæjar og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu Umhverfisstofnunar um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

h. Förgunargjald: Skip sem eru undanþegin gjaldskyldu skv. c.-lið 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun og förgun sorps hvort sem óskað er eftir viðurkenndum móttökuaðila eða ekki.

i. Fast mánaðargjald: Bátar og skip í fastri viðlegu sem greiða fast mánaðargjald skulu greiða að lágmarki eitt sorpeyðingargjald samkvæmt stærðarflokki fyrir hvern mánuð í viðlegu.

j. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

16. gr.

Vogargjöld

Almenn vigtun	259 kr. á tonn
Vogargjald smábáta lágmarksgjald	943 kr. pr. löndun
Flutningabílar og skoðun á bílavog	2.629 kr. á skipti
Lágmarksgjald við vöruvigtun	1.854 kr. hver vigtun
Útkall í yfirvinnu frá kl. 17-20 og kl. 06-08, minnst 2 tímar	10.260 kr. pr. klst.
Útkall í yfirvinnu frá kl. 20-06, minnst 4 tímar	10.260 kr. pr. klst.

17. gr.

Önnur gjöld

Kranagjald, löndun með hafnarkrana	382 kr. á tonn
Úrtaksvigtunargjald fyrir löndun úr frystiskipum	191 kr. á tonn

18. gr.

Gjöld vegna mengunaróhappa

Mengunarvaldur skal greiða allan kostnað við hreinsun vegna mengunaróhappa samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.

IV. KAFLI

Innheimta og greiðsla hafnargjalda

19. gr.

Innheimtufulltrúi Ísafjarðarbæjar sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

20. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Öll erlend skip sem koma til hafnarinnar skulu hafa innlendan umboðsmann sem er þá einnig ábyrgur fyrir öllum lögboðnum gjöldum og kostnaði sem til fellur vegna þeirra. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjöld greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

22. gr.

Á verð skv. verðskrá þessari, nema á farþegagjöld skv. 7. gr. og þjónustu við erlend skip, er lagður 24% virðisaukaskattur, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum, sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

V. KAFLI

Gildistaka

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar er samþykkt af hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar á 244. fundi 3. október 2023, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004, og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 18. apríl 2023 til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar nr. 1347/2019.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar XX. mán. 2023.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri.